

Umhverfisstofnun
Áb. _____
06. maí 2015
Tilv. _____

3H Travel ehf.
Markarflöt 5
210 Garðabær

AFRIT



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 4. maí 2015
UST201504-071/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þríhnúkagígur

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 14. apríl sl. frá 3H Travel ehf. vegna heimildar til að afmarka betur stíg í botni Þríhnúkagígs sem ferðamenn ganga eftir.

Svæðið sem um ræðir er innan Bláfjallafólkvangs. Bláfjallafólkvangur er friðlýstur sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, 173/1985. Jarðrask og mannvirkjagerð er óheimil á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar, skv. auglýstum reglum svæðisins.

Lýsing framkvæmdar:

Í botni Þríhnúkagígs hefur verið afmörkuð 50 metra gönguleið með léttum kaðlagirðingum. Sótt er um leyfi til að bæta öryggi gesta með lagfæringum á þessari gönguleið. Framkvæmdin felst í að færa til, hagræða og ræða grjóti á botninum til að gera undirlagið sléttara og stöðugra. Á bröttum köflum verði steinum og grjóti ræðað saman í stöðug þrep. Ekki er fyrirhugað að flytja inn nein efni heldur verði alfarið unnið með efni sem er á staðnum. Þá verða ekki flutt niður í gíginn neinar vinnuvélar eða tæki sem ekki teljast til handverkfæra. Gert er ráð fyrir að verkið taki 2 daga í maí og að því komi 4-5 manns. Að mati 3H Travel er um afturkræfar framkvæmdir að ræða en ekki verður nema um nokkura klukkutíma vinnu að ræða við að velta til steinum og björgum með hökum og járnköllum til að afmá að fullu öll ummerki um framkvæmdirnar og skila umhverfinu í upprunalegu útliti.

Áhrifamat:

Að mati Umhverfisstofnunar er um afturkræfa framkvæmd er að ræða sem ætlað er stýra umferð gesta um hellinn, tryggja öryggi og vernda viðkvæmari svæði í hellinum.


Skilyrði


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framkvæmdina eins og lýst er hér að ofan með með eftirfarandi skilyrðum:

- Að framkvæmdinn sé bundin við gönguleiðina og svæðinu þar í kring sé ekki raskað.
- Að gönguleiðin falli vel inn í umhverfið.
- Að umgengni niðri á botni Þríhnúkagígs sé góð og að þar verði ekki skilinn eftir neinn úrgangur að framkvæmd lokinni.
- Við framkvæmdina séu eingöngu notuð handverkfæri.

- Að Umhverfisstofnun verði gert viðvart ef upp koma slys eða önnur óhöpp tengd leyfi þessu.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um öll frávik frá verkefnislýsingu.
- Myndum af gönguleiðinni sé skilað til stofnunarinnar að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsþjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur